

## **Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur 28. nóv. 2022 í Viðjulundi.**

Mættir: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri, Gunnar Frímannsson, formaður, Karen Malmquist varaformaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Sigríður Stefánsdóttir, Kári Fannar Lárusson, Hilmar Friðjónsson, Þorsteinn Kristinn Björnsson, Kristjana Valgeirsdóttir og Jón Baldvin Hannesson sem ritaði fundargerð.

Róbert Theodórsson og Sóley Björk Stefánsdóttir, starfsmenn, sátu hluta fundarins.

### **1. Félagsmiðstöð fyrir flóttamenn**

Róbert greindi frá starfinu og áherslum á næstu vikum. Megináhersla er á samveru og jafningjastuðning en einnig er sóttur stuðningur til Róberts. Fáir í þessum hópi hafa þörf fyrir leiðsöguvinaverkefni. Flestir koma frá Úkraínu en mikið færri frá Venesúela. Fáir frá öðrum löndum. Ólíkar þarfir gera erfitt fyrir með miðlægt skipulag. Erfitt að gefa fámennari hópunum rödd. Mæta oftast á bilinu 20-30. Sótt hefur verið um styrki en áætlaður kostnaður er um og yfir 8 milljónir á næsta ári til að koma kraftmiklu starfi af stað. Þetta er ríflega áætlað. Mögulega verður opið þrisvar í viku, boðið upp á enskunámskeið ofl.

Sóley Björk sagði frá lestrarvinaverkefninu, verkefni með börnum af erlendum uppruna, sem er að miklu leyti sambærilegt við verkefni sem Lionsklúbburinn Ylfa er með í samstarfi við Amtsbókasafnið. Flestar aðrar deildir Rauða krossins hafa nú þegar hætt með Lestrarvini og hafa bókasöfn tekið verkefnið að sér.

Stjórn samþykkir að leggja niður verkefnið Lestrarvini.

Stjórn samþykkir að leggja fram allt að 4 milljónum til að efla félagsstarf með flóttamönnum.

### **3. Þarfagreining á Eyjafjarðarsvæðinu og stefnumörkun**

Umræðum um þessi mál var frestað en verður haldið áfram á næsta stjórnarfundum frá því sem frá var horfið á stjórnarfundum 8. nóv. 2022.

### **4. Önnur mál**

Rætt um þarfir í samfélaginu og hvernig við getum fjölgað sjálfbodaliðum. Ýmsar aðferðir ræddar, auglýsingar, samfélagsmiðlar ofl.

Deildarstjóri kynnti styrki sem hafa borist til verkefna. Frú Ragnheiður fékk 1.000.000 kr-styrk frá Velferðarsviði Akureyrarbæjar. Vinaverkefnið Ólafsfirði fékk 200.000 kr.- styrk frá Menningar og viðurkenningarsjóði KEA.

Ákveðið hefur verið að SSNE skipi fulltrúa í Fjölsmiðjuna á næsta aðalfundi Fjölsmiðjunnar sem haldinn verður vor 2023 og mun sá fulltrúi taka sæti fulltrúa Rauða krossins.